

4. tölublað

46. árgangur

2012

Andvarp ritstjórnar

Vormótið í ár er senn á enda. Því birtist hér síðasta tölublað Labba. Örvæntið eigi því í lok sumars kemur annáll Labba. Í blaði þessu mun birtast persónuleikapróf sem við hvetjum alla til að taka. Próf þetta sýnir þinn innri mann. Sé fólk ósátt með stjörnuþá sína, útkomu prófsins eða annað efni í blaðinu, má ekki senda athugasemdir á labbakúta heldur skal beina þeim til Claus.


Bestu kveðjur, Labbakútar




Stjörnuspá 9. júní



Vatnsberi: Þú stóðst þig vel í gær. Reyndu að standa þig betur í dag.



Fiskur: Þú munt blotna í dag.



Hrútur: Þú verður með frábært hár í dag. Reyndu að slíta þig frá speglinum.



Naut: Það mun einhver taka til fyrir þig. Fáðu þér sæti, sæti. Njóttu.



Tvíburi: Ekki gleyma neinu. Ekki heldur sjálfum þér.



Krabbi: Þú munt ganga hliðar saman hliðar í dag. Voðalega ertu eitthvað upp á kant.




Ljón: Ekki vera ljón á veginum.



Meyja: Hafir þú ekki enn fundið ástina á mótinu þá er það líklega borin von.



Vog: Reyndu að ákveða í hvaða liði þú ert.



Sporðreki: Þetta verður ekki þitt síðasta Vormót.



Bogmaður: Mundu að stinga í samband. Þá virka hlutirnir betur.



Steingeit: Þú verður þreyttur í dag. Þú hefðir kannski átt að fara fyrr að sofa.

Sáluhjálparhorn Dr. Móra

Kæru mótsgestir

Ég, dr. Móri, er orðinn hundleiður á þessu VÆLI í ykkur. Hvernig væri að njóta Vormóts! Með þessum pistli hætti ég að taka við bréfum og fer í ársleyfi.

Sjáumst að ári :)

Kveðja,
dr. Móri

p.s. Sendi hér nokkrar myndir af mér, njótið vel.



Dr. Móri byggir nýtt land.



Dr. Móri tekur til. Það ættir þú að gera líka.



Dr. Móri þekkir rétt fólk.

Ljóð til Móra
Á skátamóti í Krýsuvík
Þar er hopp og hí
hér finnast engin lík
og dirrum dí

Yngsti mótsgesturinn



Persónuleikapróf

1. Hvernig skáti ertu?

- a. Stæltur skáti.
- b. Pappírsskáti
- c. Eldskáti.

2. Hvernig er svefnpokinn þinn á litinn?

- a. Rauður
- b. Blár
- c. Annar litur

3. Hvernig skemmtir þú þér á Vormóti?

- a. GEDVEIKT VEL
- b. MEGA VEL
- c. MERGJAÐ VEL

4. Hvaða Guðnason ert þú?

- a. Smári
- b. Jón
- c. Jakob

Flest a: Þú ert frábær. Þú elskar Vormót og því er ekkert því til fyrirstöðu að þú komir aftur að ári.

Flest b: Farðu nú einu sinni út úr tjaldinu og njóttu ferska loftsins. Taktu til!

Flest c: EKKI FARA! Þú átt heima á Vormóti.

Heyrst hefur að Bjarni kveðji okkur í dag með söknuði, *grátur, *grátur.



LABBI 2012

Ábyrgðamenn: Móri og Skotta

Prentverk:

Labbaverk – Skýjaborgir

Heyrst hefur...

- ... að Arnarfellshlaupið sé á eftir.
- ... að rekkum finnist MJÖG erfitt að vakna.
- ... að Andri vilji komast í Labba.
- ... að Bjarni vilji vera Labbakútur
- ... að Labbakútar séu fyndnir.
- ... að Andri hafi hent einum Riddara í ruslið.
- ... að Vignir Guðnason sé ráðríkur.
- ... að það komi annáll í lok sumars!

Heyrst hefur...

- ... að Skotta sé fyndin

